Starfsáætlun leikskólans Aðalþings fyrir árið 2025-2026

Umsögn foreldraráðs

1 UM FORELDRARÁÐ

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi, sbr. 11. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla.

Í foreldraráði leikskólans Aðalþings vegna skólaársins 2025-2026 sitja Eyrún Viktorsdóttir og Katla Lovísa Gunnarsdóttir.

Leikskólinn Aðalþing hefur sett sér starfsáætlun fyrir skólaárið 2025-2026 og óskað eftir umsögn foreldraráðs í samræmi við framangreint.

2 UM STARFSÁÆTLANIR LEIKSKÓLA

Um starfsáætlanir leikskóla segir í aðalnámskrá:

„Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjalla ber um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggis- og slysavarnamála eftir því sem við á. Áætlunin er unnin í nánu samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra. Unnt er að vinna starfsáætlun þannig að starfsemi síðasta skólaárs sé metin við gerð hennar. Þannig gefst tækifæri til að ræða árlega þá þætti sem þessir aðilar telja mikilvæga og eru ánægðir með og jafnframt þá þætti sem þeir telja að megi bæta. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en nefnd kjörin af sveitarstjórn tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Leikskóli verður að vera í stöðugri þróun, fylgja straumum og stefnum á hverjum tíma og auka þekkingu og framfarir í leikskólanum til hagsbóta fyrir skólasamfélagið í heild. Þróunarstarf getur m.a. falist í skipulögðum verkefnum sem eiga að leiða til nýbreytni, þróunar og umbóta í leikskólastarfinu. Markmið þróunarverkefnis, tímaáætlun, skipulag og leiðir þurfa að liggja fyrir áður en það hefst. Meta þarf árangur þess, hvort og hvernig markmið náðust og miðla reynslunni með öðrum sem að leikskólastarfi koma.“

3 STARFSÁÆTLUN LEIKSKÓLANS AÐALÞINGS FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2025-2026

Í formála starfsáætlunarinnar kemur fram að markmið hennar sé að gera skólaþróun leikskólans markvissari með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Ákveðnar leiðir séu farnar til að ná þeim markmiðum og áherslum sem settar eru hverju sinni, með hliðsjón af aðalnámskrá, námskrá leikskóla Kópavogs og skólanámskrá leikskólans. Starfsáætlun veiti starfsfólki, forráðamönnum og rekstraraðilum upplýsingar um starfsemi leikskólans. Fjallað sé um hvernig faglegt starf gengur fyrir sig, hvernig það gekk á síðastliðnu ári og hvernig unnið verður að umbótum.

Leikskólinn heldur áfram að byggja á hugmyndafræði Reggio Emilia og vinnur markvisst að því að efla lýðræðislegt, skapandi og þátttökumiðað námsumhverfi þar sem börn og starfsfólk vinna saman að sameiginlegum markmiðum.

Líkt og fram kemur í starfsáætluninni einkenndist skólaárið 2024–2025 af miklum breytingum og krefjandi tímum en veikindi og fráfall Harðar Svavarssonar, leikskólastjóra hafði djúpstæð áhrif á skólasamfélagið á Aðalþingi. Foreldrar barna á leikskólanum Aðalþingi eru þakklátir fyrir starf Harðar og ljóst að hann var mikils metinn af foreldrum. Starfsfólk á hrós skilið fyrir að ná að halda uppi faglegu og gæðamiklu starfi á þessum erfiðu tímum.

4 UMSÖGN FORELDRARÁÐS

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026

4.1 Leiðarljós leikskólans

Leiðarljós leikskólans eru að mati foreldraráðs lýsandi fyrir hugmyndafræði Loris Malaguzzi frá bænum Reggio Emilia á Ítalíu og felast m.a. í því að hvetja börnin, kenna þeim að spyrja spurninga og læra á það hvað vekur áhuga þeirra á þeirra eigin forsendum, kenna þeim að takast á við hið óþekkta, taka ábyrgð á sjálfum sér, setja sig í spor annarra og að mikilvægasta umbunin felst í verkinu sjálfu.

4.2 Mat á skólastarfi

Í starfsáætlun er farið yfir mat á skólastarfi og skiptist það í innra og ytra mat. Tilgangur mats er þríþættur; fylgjast með að ákvæðum laga, reglugerða og aðalnámskráa sé fylgt eftir, auka gæði skólastarfsins og stuðla að umbótum og loks að veita upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun.

Innra mat er framkvæmt af leikskólanum sjálfum og fer fram þannig að gerðar eru uppeldisfræðilegar skráningar í formi ritaðs máls, ljósmynda og myndbanda og enn fremur eru fundargerðir af fundum grundvöllur umbótamiðaðs mats. Einnig eru framkvæmdar kannanir meðal foreldra í tölvutæku formi og á foreldrafundum, auk kannana á vegum bæjarfélagsins. Haldnir eru reglulegir fundir með mismunandi hópum sem nýttir eru í umrætt mat. Foreldraráð telur framangreint samræmast þeim kröfum sem gerðar eru til slíks mats.

Ytra mat er framkvæmt af fulltrúum frá Kópavogsbæ.

4.3 Skólapúls

Foreldraráð tekur undir þær niðurstöður sem raktar eru úr starfsmannakönnun Skólapúlsins. Frá sjónarhóli foreldraráðs einkennist starfið af fagmennsku, sköpun og leik og börnunum virðist líða vel í leikskólanum, starfsfólk er hlýlegt og samskipti góð. Aðrir foreldrar tala vel um leikskólann og bera traust til hans. Foreldraráð er sammála því að styrkja megi einstaklingsmiðað upplýsingaflæði og fleiri samtöl um framfarir barna yfir árið. Starfsmannavelta er lítil sem bendir til þess að starfsánægja sé mikil.

Foreldraráð tekur undir mikilvægi þess að gerð sé foreldrakönnun reglulega.

4.4 Umbótaáætlun

Foreldraráð er ánægt með umbótaáætlun. Fréttir sýna að lesskilningur barna fer versnandi og því fagnar foreldraráð því að málörvun og læsi fái stað í umbótaáætlun. Mikil ánægja er með útinám. Varðandi samskipti og upplýsingamiðlun þá mætti huga að því að hafa kynningu á deildum þegar börn færast yfir á nýjar deildir innan leikskólans, en ekki bara þegar börnin hefja nám í skólanum. Þannig gefst foreldrum tækifæri til að kynnast þeim starfsmönnum sem vinna með börnunum þeirra allan daginn og starfsmenn fá sömuleiðis tækifæri til að kynnast foreldrum. Sömuleiðis mætti láta vita ef nýir starfsmenn byrja á deild og aðrir hætta og uppfæra þá lista yfir starfsmenn á heimasíðu. Það væri hjálplegt fyrir foreldra ef í helgarpósti kæmi mynd og jafnvel smá umfjöllun um nýja starfsmenn á deild.

4.5 Áherslur í starfi leikskólans

Þær áherslur í starfi sem fram koma í starfsáætlun eru spennandi og að mati foreldraráðs til þess fallnar að bæta starfið í leikskólanum.

Foreldraráð er hlynnt breytingum á fyrirkomulagi aðlögunar þar sem ákveðið var að taka inn helming barnanna í júní og hinn helminginn í ágúst. Fyrir foreldra felast kostirnir við framangreint helst í því að færri börn eru í aðlögun á sama tíma sem skapar meiri ró og öryggi fyrir börnin, enda getur verið álag fyrir lítil börn í nýju umhverfi að hafa marga foreldra líka. Þá getur það einnig munað miklu fyrir foreldra að fá dagvistun í júní í stað ágúst/september.

Foreldraráð fagnar einnig notkun gervigreindar í leikskólastarfinu með snjallmatsferli sem getur aukið skilvirkni, samræmi og áreiðanleika. Foreldrafélagið telur þó mikilvægt að tæknin sé nýtt með ákveðinni varúð ef þau gögn sem unnið er með varða persónupplýsingar um börnin.

4.6 Foreldrasamstarf

Um foreldrasamstarf vísast til þess sem að framan greinir um betri kynningu á deildum og starfsmönnum.

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026

Leikskólinn mætti aðstoða foreldrafélag til að hvetja foreldra til þátttöku í félaginu en það hefur reynst erfitt að fá foreldra til að sitja í stjórn félagsins og mæting á aðalfundi hefur verið afar léleg.

4.7 Starfsmannamál, símenntunaráætlun, skipulagsdagar og námsferðir o.fl.

Foreldraráð fagnar háu hlutfalli kennaramenntaðra starfsmanna á Aðalþingi og telur það skapa leikskólanum sérstöðu.

Hvatt er til símenntunar og námsferða. Foreldraráð telur skipulagsdaga samkvæmt starfsáætlun vel nýtta.

Foreldraráð tekur undir óskir leikskólans um viðhald og telur sérlega brýnt að huga að brú vegna slysahættu og að sérstakt leikvæði verði útbúið fyrir yngstu börnin.

Öryggismál virðast vera í góðum horfum samkvæmt starfsáætlun.

5 SAMANTEKT

Foreldrafélagið er hlynnt þeim áherslum sem lagðar eru til á starfsárinu um að styrkja faglegt starf, efla samstarf og upplýsingaflæði, bæta námsumhverfi og nýta niðurstöður innra mats til umbóta. Þá er ánægja með þá þætti sem hafðir eru að leiðarljósi í starfinu og byggja á hugmyndafræði sem kennd er við Loris Malaguzzi frá bænum Reggio Emilia á Ítalíu.

Foreldraráð telur starfsáætlun leikskólans metnaðarfulla og lýsa starfinu vel.

Virðingarfyllst,

Foreldraráð Aðalþings, Katla Lovísa Gunnarsdóttir og Eyrún Viktorsdóttir

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11 2026